

## Stig af stigi

Stig af stigi er námsefni sem er ætlað til að efla félags- og tilfinningaþroska barna, 4 ára og eldri. Börnin læra að sýna félagslega viðurkennda hegðun, setja orð á tilfinningar sínar og setja sig í spor annarra. Það að leysa úr vanda er vitsmunalegt ferli en í Stig af stigi æfa börnin sig í að leysa úr vandamálunum sjálf. Börnin læra hugtök eins og vandi, hvatvísi, að deila með sér og skiptast á. Í Stig af stigi læra börnin að sýna sjálfstjórn og greina líkamleg einkenni reiði.